

## Fjórða stig

Fjórða stigsprófið á fiðlu er þreytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði M1**. Ætlast er til þess að nemandur í fjórða stigi eigi kennslubækur, æfingabækur og nótur í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok fjórða stigs eiga fiðlunemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- haldi eðlilega á fiðlu og boga.
- hafi náð tókum á eðlilegum og áreynslulausum hreyfingum handleggja.
- hafi gott vald á detaché, staccato, legato og martelé.
- hafi allgott vald á spiccato, ricochet og collé.
- hafi gott vald á pizzicato.
- ráði við léttleika í stroki og hröð strengjaskipti.
- hafi á valdi sínu mismunandi hraða og styrkleika í bogastrokum.
- beiti öruggum og markvissum vinstri handar fingrahreyfingum.
- hafi náð góðum tókum á inntónun.
- hafi náð töluverðri leikni í tvígripum í þríundum, sexundum og áttundum.
- hafi náð tókum á þjálum skiptum milli stillinga.
- hafi nokkuð góða þekkingu á hærri stillingum.
- hafi náð tókum á vibrato og beiti því við túlkun.
- geti gert styrkleikabreytingar og andstæður augljósar.
- geti stillt hljóðfæri sitt sjálfur.
- hafi öðlast gott hrynskyn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í seinni hluta grunnnáms.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi lagt stund á ýmiskonar samleik, þ.m.t. hljómsveitarleik og kammertónlist.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- geti leikið krómatiskan tónstiga á tónsviðinu frá g til d<sup>'''</sup>.
- hafi á valdi sínu a.m.k. fimm dúrtónstiga í þremur áttundum.
- hafi á valdi sínu a.m.k. fimm hljómhæfa og laghæfa molltónstiga í þremur áttundum.
- hafi á valdi sínu þríhljómaraðir sem tengjast framangreindum dúr- og molltöntegundum, sbr. dæmi á bls. 23–24 í greinanámskrá aðalnámskrár tónlistarskóla fyrir strokhljóðfæri; leika skal alla hljóma hveðrar raðar frá grunntóni fyrsta hljóms. Í hverri hljómaröð skulu vera eftirfarandi hljómar: i, I, vi, IV, iv, i<sup>7</sup>, V<sup>7</sup>/IV.
- hafi þjálfast í leik gangandi þríunda í dúrtónstigum upp í 6. stillingu.
- hafi þjálfast í leik tvígripa í þríundum, sexundum og áttundum í dúrtónstigum í einni áttund.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á fjórða stigsprófi samkvæmt þessari námskrá.

**Nemanda hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi atriðum:**

- leik eftir eyra
- tónsköpun
- spuna

**Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir fjögurra til sex ára nám:**

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Uppsetning fjórða stigsprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á fjórða stigsprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það.

### 1. Tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- krómatískan tónstiga á tónsviðinu g til d'''
- tvo dúrtónstiga, þrjár áttundir
- einn hljómhæfan molltónstiga, þrjár áttundir
- einn laghæfan molltónstiga, þrjár áttundir
- tvær þríhljómaraðir í tveimur þeirra dúr- og molltóntegunda sem valdar eru til prófs, þrjár áttundir, sbr. dæmi á bls. 23–24 í greinanámskrá aðalnámskrár tónlistarskóla fyrir strokhljóðfæri. Leika skal alla hljóma hvernjar raðar frá grunntóni fyrsta hljóms. Í hverri hljómaröð skulu vera eftirfarandi hljómar: i, I, vi, IV, iv, i°7, V7/IV.
- gangandi þríundir upp í 6. stillingu í þeim dúrtóntegundum sem undirbúnar eru fyrir prófið
- tvígrip í einni áttund:
  - þríundir í einni dúrtóntegund
  - sexundir í einni dúrtóntegund
  - áttundir í einni dúrtóntegund

Leikmáti:

- krómatískur tónstigi legato
- dúr- og molltónstigar með mismunandi hraða og bogastrokum, s.s. staccato, martelé og detaché
- hljómar bundið, þrjár nótur á hvern boga
- Hraðasti tónstiginn eigi hægar en M.M. ♩ = 144, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- gangandi þríundir frá grunntóni upp á grunntón og niður aftur, heimilt er þó að fara þríund upp fyrir efri grunntón og einn tón niður fyrir neðri grunntón
- þríundatvígrip þannig að neðri upphafsnóta sé grunntónn og efri upphafsnóta þríund ofar
- sexundatvígrip þannig að efri upphafsnóta sé grunntónn og neðri upphafsnóta sexund neðar
- hiklaust og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

### 2. Æfing / Etýða (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

**5. Verk 3 (15 stig)**

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.  
***Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.***

**6. Val (10 stig)**

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leika verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.
- b. Spinna út frá gefnu upphafi, einföldu hljómfæri eða lagi með eða án undirleiks.
- c. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.

**7. Lestur af blaði (10 stig)**

Smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í seinni hluta grunnnáms.

**8. Heildarsvipur (5 stig)**

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.

## Miðpróf

Miðpróf á fiðlu er þreytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Miðpróf eru aðeins dæmd af Prófánend tónlistarskóla og kemur prófdómari á vegum hennar alla jafna árlega til þess að dæma próf í skólanum. Miðprófið telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **samræmdu miðprófi Prófánefndar í tónfræði** og aðeins þá fæst afhent prófskírteini frá Prófánefnd. Ætlast er til þess að nemendur eigi kennslubækur, æfingabækur og nótur í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok miðnáms eiga fiðlunemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- haldi eðlilega á fiðlu og boga.
- hafi náð tókum á eðlilegum og áreynslulausum hreyfingum handleggja.
- hafi gott vald á detaché, staccato, legato og martelé.
- hafi allgott vald á spiccato, ricochet og collé.
- hafi gott vald á pizzicato.
- ráði við léttleika í stroki og hröð strengjaskipti.
- hafi á valdi sínu mismunandi hraða og styrkleika í bogastrokum.
- beiti öruggum og markvissum vinstri handar fingrahreyfingum.
- hafi náð góðum tókum á inntónun.
- hafi náð töluverðri leikni í tvígripum í þríundum, sexundum og áttundum.
- hafi náð tókum á þjálum skiptum milli stillinga.
- hafi góða þekkingu á hærri stillingum.
- hafi náð tókum á vibrato og beiti því við túlkun.
- geti gert styrkleikabreytingar og andstæður augljósar.
- geti stillt hljóðfæri sitt sjálfur.
- hafi öðlast gott hrynskyn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi lagt stund á ýmiskonar samleik, þ.m.t. hljómsveitarleik og kammertónlist.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- geti leikið krómatískan tónstiga á tónsviðinu frá g til d<sup>'''</sup>.
- hafi á valdi sínu a.m.k. sex dúrtónstiga í þremur áttundum.
- hafi á valdi sínu a.m.k. sex hljómhæfa og laghæfa molltónstiga í þremur áttundum.
- hafi á valdi sínu þríhljómararðir sem tengjast framangreindum dúr- og molltóntegundum, sbr. dæmi á bls. 23–24 í greinanámskrá aðalnámskrár tónlistarskóla fyrir strokhljóðfæri; leika skal alla hljóma hveðrar raðar frá grunntóni fyrsta hljóms. Í hverri hljómaröð skulu vera eftirfarandi hljómar: i, I, vi, IV, iv, i<sup>o7</sup>, V<sup>7</sup>/IV.
- hafi þjálfast í leik flaututóna í dúr- og laghæfum tónstigum upp í 3. stillingu.
- hafi þjálfast í leik gangandi þríunda í dúr- og laghæfum molltónstigum upp í 6. stillingu.
- hafi þjálfast í leik tvígripa í þríundum, sexundum og áttundum í dúr- og molltónstigum, í tveimur áttundum þar sem mögulegt er innan tónsviðsins g til d<sup>'''</sup>, annars í einni áttund.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á miðprófi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.

**Nemandi hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi atriðum:**

- leik eftir eyra
- tónsköpun
- spuna

**Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist við lok miðnáms:**

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Uppsetning miðprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á miðprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það.

### 1. Tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- krómatískan tónstiga á tónsviðinu g til d'''
- tvo dúrtónstiga, þrjár áttundir
- einn hljómhæfan molltónstiga, þrjár áttundir
- einn laghæfan molltónstiga, þrjár áttundir
- tvær þríhlómaraðir í tveimur þeirra dúr- og molltóntegunda sem valdar eru til prófs, þrjár áttundir, sbr. dæmi á bls. 23–24 í greinanámskrá aðalnámskrár tónlistarskóla fyrir strokhljóðfæri. Leika skal alla hljóma hvernar raðar frá grunntóni fyrsta hljóms. Í hverri hljómaröð skulu vera eftirfarandi hljómar: i, I, vi, IV, iv, i°7, V7/IV.
- gangandi þríundir upp í 6. stillingu í þeim dúr- og laghæfu molltóntegundum sem undirbúnar eru fyrir prófið
- flaututóna í einum dúrtónstiga upp í 3. stillingu
- tvígrip í tveimur áttundum þar sem mögulegt er innan tónsviðsins g til d''', annars í einni áttund
  - þríundir í einni dúrtóntegund
  - þríundir í einni hljómhæfri eða laghæfri molltóntegund
  - sexundir í einni dúrtóntegund
  - áttundir í einni dúrtóntegund og einni laghæfri molltóntegund

Leikmáti:

- krómatískur tónstigi legato
- dúr- og molltónstigar með mismunandi hraða og bogastrokum, s.s. spiccato, martelé og detaché
- einn tónstiga upp í 7.– 8. stillingu
- hljómar bundið, þrjár nótur á hvern boga
- Hraðasti tónstiginn eigi hægar en M.M. ♩ = 144, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- gangandi þríundir frá grunntóni upp á grunntón og niður aftur, heimilt er þó að fara þríund upp fyrir efri grunntón og einn tón niður fyrir neðri grunntón
- flaututónar frá grunntóni upp á grunntón og niður aftur
- þríundatvígrip þannig að neðri upphafsnóta sé grunntónn og efri upphafsnóta þríund ofar
- sexundatvígrip þannig að efri upphafsnóta sé grunntónn og neðri upphafsnóta sexund neðar
- hiklaust og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

### 2. Æfing / Etýða (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

**4. Verk 2 (15 stig)**

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.  
***Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.***

**5. Verk 3 (15 stig)**

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.  
***Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.***

**6. Val (10 stig)**

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leika verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverkefni.
- b. Spinna út frá gefnu upphafi, einföldu hljómfæri eða lagi með eða án undirleiks.
- c. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.

**7. Lestur af blaði (10 stig)**

Smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms.

**8. Heildarsvipur (5 stig)**

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.